



Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri spjallar við ungumenni á þinginu.

Ungmennanæping í Való

Ungmennaráð Seltjarnarness stóð fyrir ungmennanæpingu í Valhúsaskóla þann 17. október sl. Markmið þingsins var að efla raddir unglunga í sveitarfélaginu og gefa þeim vettvang til að tjá sínar skoðanir um málefni sem þau varða.

Ungmennaráðið sá um skipulag og söfnum hugmynda fyrir umræður og hópstjórn. Þingið þótti vel heppnað og almenn ánægja var með daginn og dýrmætt að geta staðið að þessu í samstarfi við skólann.

Sjá nánar á bls. 6.

Opið

8-24

alla daga

Á EIDISTORGI

HAGKAUP

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Borgarblöð ehf.

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Umdeildar breytingar

Breytingar á gatnamótum Hringbrautar og Eiðsgranda hafa vakið litla hrifningu á Seltjarnarnesi. Með þeim telja Seltirningar að verið sé að þrengja að akstursleiðum og enn aukist sá vandi sem nú þegar sé fyrir hendi í umferðarmálum til og frá Nesinu.

Aðeins er um tvær umferðaræðar að ræða fyrir Seltirninga að komast inn og út úr sveitarfélaginu. Önnur er um Nesveg en hin um Eiðisgrandann. Nesvegurinn liggur að Ægisíðu sem er íbúðagata og liggur út á Starhaga sem einnig er íbúðagata og þaðan á Sudurgötu. Af Ægisíðunni er leið um Hofsvallagötu sem orðin er íbúðagata að Hringbraut. Aðrar leiðir eru í gegnum húsagötur í Vesturbænum.

Hin umferðaræðin er af enda Hringbrautar um Eiðsgranda. Með þeim breytingum sem nú er verið að gera við JL húsið telja Seltirningar að en verði þrengt að umferð.

Seltjarnarnes er sérstakt sveitarfélag yst á höfuðborgarsvæðinu umlukði sjó á nær alla vegu. Sem slíkt eiga íbúar heimtingu á að komast til annarra byggða án mikilla takmarkana.

Á undanförunum árum virðist réttur og sjónarmið Seltirninga ekki hafa verið hátt skrifuð hjá borgaryfirvöldum í Reykjavík.

Áður hefur verið vakin athygli á þessu hér í blaðinu. Stefnið er að sjóleiðin verði eina leiðin til og frá Seltjarnarnesi í framtíðinni.

Breytingar við Hringbraut og Eiðsgranda

Ósáttur við gönguþverun



Á myndinni má sjá hvar gönguljósinn við Eiðsgrandi munu verða staðsett.

Breytingar eru nú hafnar við gatnamót Hringbrautar og Eiðsgranda. Í tillögu frá skrifstofu samgöngustjóra í Reykjavík sem lögð er til grundvallar breytingum kemur fram gerir sé ráð fyrir nýjum gönguljósum á Eiðsgranda, vestan við innkeyrslu að Hringbraut 121. Samhliða því að komið verði fyrir gönguljósum er gert ráð fyrir að akreinum vestur Eiðsgranda sé fækkað þannig að núverandi vinstribeygjuvasi verði fjarlægður og í staðinn verði núverandi vinstri akrein gerð að beygjuakrein.

Þessar framkvæmdir hafa ekki vakið hrifningu á Seltjarnarnesi þar sem talið er að væntanlegar breytingar muni teffa og hefta umferð af Nesinu til og frá Reykjavík. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segir þessa hugmynd algjörlega galna og sé gerð á mjög undarlegum stað. Hann segir fyrirhuguð gangbrautarljós allt of stutt frá hringtorgi við JL-húsið. Mun eðlilegri staður fyrir ljósin væri að sínum dómi á horninu á Grandavegi og Eiðsgranda. Hann telur að þetta sé bein ávísun á umferðarvandráði þótt vissulega þurfi að koma fólki yfir götuna. Þór segir að Seltirningar geti lítið gert í þessu máli annað en að benda það og vekja athygli á því í fjölmiðlum og með viðtölum við borgarfulltrúa á fundum. “Þessi nýja gönguþverun við JL-húsið er á slæmum stað,” segir Þór.



TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarfélagas.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

2 fyrir 1 af sjónglerjum*

Pantaðu gleraugun á Granda eða í Glæsibæ og gríptu þau með í Eyesland á Keflavíkurflugvelli. Þín gleraugu á Duty Free verði!

*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

*Þú verslar gleraugu með hágæða margskiptum eða einfókus sjónglerjum og færð frí sjóngler með seinni umgjörðinni.

eyesland

Grandi · Glæsibær · Keflavíkurflugvöllur · eyesland.is



Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi

Opnir fundir í samvinnu við Bókasafns Seltjarnarness



Áhugasamir heldri borgarar hlíða á fyrirlestur Páls Jakobs Líndal umhverfissálfræðings.

Góður rómur var gerður af fyrsta fundinum sem haldinn var í bókasafninu á Seltjarnarnesi 19. september sl. Á fundinum var fjallað um húsnæðis- skipulags og umhverfismál fyrir eldri borgara Nessins.

Páll Jakob Líndal umhverfissálfræðingur var fyrirlesari og talaði hann um nýjustu rannsóknir á búsetu og umhverfi eldra fólks. FEBSEL hefur verið með hugmynd um að í kringum blokkirnar á Hrólfskálamel og á Skólabrautinni ásamt nálægðarinnar við helstu innviði væri hægt að færa umhverfið í átt að „Lífsgæðakjarna“ með tíð og tíma. Páll taldi þetta mjög góða hugmynd sem verðugt væri að vinna að. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri sagði frá stöðu og möguleikum bæjarins í búsetumálum. Almennar umræður fylgdu svo á eftir.

Næsti fundur er fyrirhugaður 31. okt. 2023 í bókasafninu kl. 17:00 til 19:00. Þar verður Pálmi V. Jónsson lyf- og öldrunarsérfræðingur fyrirlesari og mun hann fræða okkur um heilbrigði og heilsufar eldri borgara á komandi árum auk þess hvers við megum vænta í breytingum á heilsugæslu og þjónustu. Pálmi hefir yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á þessu sviði með starfi sínu og enn er hann starfandi sem ráðgjafi á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn „HEILSA Á EFRÍ ÁRUM“ verður í bókasafninu þriðjudagurinn 31. október kl. 17:00 til 19:00.

Félag eldri borgara Seltjarnarnesi.
Kristbjörg Ólafsdóttir.



Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Losun sorps samkvæmt nýju flokkunarkerfi hafið

Nú er formlega hafin losun sorps samkvæmt nýju flokkunarkerfi hér á Seltjarnarnesi en undanfarnar vikur og mánuðir hafa farið í að dreifa og merkja tunnur í takt við nýtt fyrirkomulag. Ástæða nýja flokkunarkerfisins er lagabreyting Alþingis á flokkun úrgangs á Íslandi.

Þessu fylgja eins og gefur að skilja fjölmargar breytingar og eru íbúar eindregið hvattir til að kynna sér vandlega fyrirkomulag flokkunar á www.flokkum.is þar sem ítarlegar upplýsingar er að finna. Ennfremur má finna greinargóðar upplýsingar á heimasíðu bæjarins m.a. **nýtt sorphirðudagatal** sem gildir til áramóta en Terra hefur gert breytingar á fyrirkomulagi á hirðun úrgangs hér. Seltjarnarnesi hefur nú verið skipt upp í tvö svæði og verður sá háttur hafður á að aðra hvora viku verða matarleifar og blandaður úrgangur losaður á öllu Seltjarnarnesi en pappír og plast fjórðu hvoru viku og þá ýmist á svæði eitt eða tvö. Íbúar geta skoðað svæðin og fyrirkomulagið á dagatalinu sem birt er á heimasíðu bæjarins en hafa skal í huga að það er birt með þeim fyrirvara að finna þarf taktinn fyrstu tvo mánuðina og því getur losun eitthvað riðlast á milli gatna.



Bæjarbúar eru hvattir til að vanda sig við flokkunina því verði ekki flokkað á réttan hátt verður viðkomandi tunna ekki losuð heldur settur á hana límmiði með viðeigandi útskýringu. Íbúar þurfa þá sjálfir að flokka betur úr viðkomandi tunnu sem og að fara með úrganginn í endurvinnslustöð Sorpu eða bíða eftir næstu losun. Án efa mun reyna á alla tengt þessum viðamiklu breytingum hvort sem er bæjarbúa eða starfsmenn bæjarins og því mikilvægt að taka höndum saman og sýna þolinmæði á yfirgangstímanum.



DAGSKRÁ NÓVEMBER 2023

31. okt. kl. 17:00 – 19:00



FEBSEL - HEILSUERINDI

Fyrirlesari:
Pálmi V. Jónsson
sérfræðingur í
lyf- og öldrunar-
lækningum.

Léttar veitingar.



Til 11. nív.

GALLERÍ GRÓTTA

Ása Karen Jónsdóttir
myndlistarkona sýnir **Unseen
Energies //**
Óséd Orka.

Sýningu
lýkur 11.
nóvember.



6. nív. kl. 19:30 – 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD



Eva Björg
Ægisdóttir
rithöfundur
fjallar um og
les upp úr bók
sinni **Strákar
sem meiða.**

Kaffi og
kruðerí.



6. nív. kl. 20:00 – 22:00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um
hannyrðir hittist,
hjálpast að og
deilir hugmyndum.

Nánar á FB:
**SelGARNanes og
nágrenni.**



8. nív. kl. 17:00 – 17:30

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða sögurnar
**Halli og fótufylli
af risaeðlum** eftir
Ian Whybrow og
Adrian Reynolds og
Risaeðlugengið, Eggið
eftir Lars Mæhle og
Lars Rudebjer.



11. nív. kl. 11:00 – 14:00

FÖNDURFJÖR

Börnum og fjölskyldum þeirra
er boðið upp á skemmtilegt
föndur í barnadeildinni.



1. – 15. nív.

RISAEÐLU-RATLEIKUR

Komdu á
bókasafnið
og taktu þátt
í **RISAEÐLU-
ratleik.**

Skemmtileg
þátttökuverðlaun.



16. nív. kl. 17:00

**GALLERÍ GRÓTTA
SÝNINGAROPNUN**
Valgerður Yr Walderhaug
myndlistarkona opnar
sýningu sína **Bragðarefur
með sniglaskeljum.**

Sýningu lýkur 9. desember.



18. nív. kl. 11:30 – 12:30

LESID FYRIR HUND

Börnum býðst að lesa sér til
ánægju fyrir hunda sem eru
sérstaklega þjálfaðir til að
hlusta á börn lesa.

Sex börn komast að í hvert
skipti. Skráning: **saeunn.
olafsdottir@seltjarnarnes.is**



21. nív. kl. 20:00 – 22:00

RITHÖFUNDKÖLD

Okkar geysivinsæla höfundakvöld
þegar að fjórir höfundar lesa upp
úr og ræða nýútkomnar bækur
sínar. **Jórunn Sigurðardóttir**
bókmenntafræðingur m.m. stýrir
umræðum.

Boðið verður upp á veitingar í hléi.



Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Markmiðið að efla raddir unglinga

Ungmennahólf fór fram í Valhúsaskóla þann 17. október sl. Ungmennaráð Seltjarnarness stóð fyrir þinginu og sá um skipulag, hugmyndasöfnun fyrir umræður og hópstjórn. Markmið þingsins voru að efla raddir unglinga í sveitarfélaginu og gefa þeim vettvang til að tjá sínar skoðanir um málefni sem þau varða. Þingið fór vel fram og heppnaðist vel til, unglingarnir ræddu fjölmörg málefni og fengu þar tækifæri til að tala opinskátt um ástandið á húsnaði skólans, mögulegu síma-banni, matarmál, andlega heilsu, skjátíma, lýðræðislega þátttöku sína og margt margt fleira.

Þingsetning var í höndum fulltrúa Ungmennaráðs ásamt bæjarstjóra sem hvöttu unglingana til að vera hreinskilin og beinskeytt í sínum svörum og umræðum. Skipt var í hópa sem fóru með sínum hópstjórum á tiltekna staði og umræður fóru af stað. Skólinn bauð upp á kleinuhringi og safu í kaffítímanum og að umræðum loknum fengu unglingarnir pizzu í hádegismat í boði foreldrafélagsins.

Bætt aðstaða á göngunum

Á þinginu komu fram margskonar hugmyndir að úrbótum, vangaveltur og upplifanir. Þar má nefna hitamál hjá unglingunum og mótlæti þeirra við síma-banni, en þó hvað síma-vasar sem hengdir hafa verið

upp í stofum virki vel og hjálpi þeim að einbeita sér í tímum. Þá var rætt að ef til síma-banns kæmi væri bráðnaðsýnlegt að bæta aðstöðu þeirra til afþreyingar á göngunum með t.d. þythokkíborði, aðgengi að spilum eða foosball. Þau kölluðu eftir því að skólinn væri hlýlegri, þá bæði í bókstaflegri merkingu þar sem mörgum þykir ansi kalt í skólanum en líka hugmyndir um að mála veggina í hlýlegum litum og bæta við sófum.

Skiptar skoðanir á skóla-mat en ákalla um sjoppu

Aðgengi að matsalnum var ekki talið nægilega gott þar sem þau komast ekki öll þar fyrir og að nesti og hádegismatur mættu vera eilítið lengri, þá sér í lagi á löngum skóladögum. Skiptar skoðanir voru á Skólamat og þjónustu þeirra en mikið ákall var eftir sjoppu eða sjálfsala í skólann. Eftirspurn var eftir fleiri vatnsvélum, krönum og almennt auknu aðgengi að drykkjarvatni og túrvörur mættu vera fjölbreyttari og aðgengilegri á klósettum skólans.

Umræðurnar voru smá stund af stað en voru líflegar og mikill efniviður skapaðist fyrir Ungmennaráð Seltjarnarness til að vinna úr. Úrvinnsla úr þeim gögnum sem rituð voru af kennurum fara nú í hendur Ungmennaráðs sem rýnir í niðurstöður og vinnur áfram með þær og sendir ályktun til



Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri spjallar við ungmennta á þinginu.

viðeigandi aðila, hvort sem um ræðir skóla- eða bæjarstjórn.

Ánægja með ýtt verkefni

Þingið var vel heppnað og almenn ánægja var með daginn, verkefnið er nýtt á nálinni fyrir þennan aldurshóp á Seltjarnarnesi og það er dýrmætt að geta keyrt þetta í gegn í tryggu samstarfi við skólann. Draumur Ungmennaráðs er að halda þessu þingi inni sem hefið þar sem mikilvægt er að hvetja ungt fólk til þátttöku og umræðna ásamt því

að viðhalda og betrubæta þeirra vettvang til að tjá sig. Niðurstöður og hugmyndir koma að virkilega góðum notum fyrir sveitarfélagið sem heild til að líta í eigin barm og gefur okkur tækifæri að aðlagu okkur að barnvænu umhverfi þar sem öll börn hafa rödd og geta haft áhrif. Allt eru þetta skref í átt að barnvænu sveitarfélagi sem vinnur meðvitað eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar

Á Farsældarþingi í Hörpu

Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar sóttu farsældarþing sem fór fram í Hörpu mánudaginn 4. september. Þar áttu fagfólk, þjónustuveitendur, stjórnvöld, börn og aðstandendur viðtækt samtal um farsæld barna. Þingið er mikilvægur liður í stefnumótun á áætlanagerð þegar kemur að innleiðingu laga um farsæld barna.

Skráning á þingið fór fram úr björtustu vonum og voru um 800 manns þátttakendur í sal og um 200 til 300 manns voru með í streymi inn á vef Stjórnaráðsins. Á þinginu var lögð mikil áhersla á þátttöku barna og ungmenna, að skapa þeim vettvang til að láta rödd sína heyrast um málefni sem þau varða. Tekin voru frá 50 sæti á þinginu fyrir börn á aldrinum 12 til 17 ára en 37 sátu þingið í þetta sinn. Gagnrýnisráddir komu þó fram um þátttöku barna hlutfallslega miðað við þátttöku fullorðinna. Eins og áður segir þá kom aðsókn þátttakenda á þingið skipuleggjendum gjörsamlega í opna skjöldu og úrbætur á því fyrirhugaðar fyrir næsta þing. Ungmennum stóð til boða að flytja kveikjur fyrir þingið sem gáfu þátttakendum innblástur í hópavinnu sem fram fór.

Seltjarnarnesbær tók þátt með fjögur ungmenni sem koma úr endurvöktu Ungmennaráði Seltjarnarness, þau Embla Rut Ólafsdóttir, Gísli Baldur Garðarsson, Guðlaug Helga Björnsdóttir og Sigrún Sjöfn Aradóttir. Dagurinn var virkilega fróðlegur og allir fulltrúar voru bænum til mikils sóma og þau koma þaðan yfirfull af nýjum hugmyndum.

Farsældarlögin eru öllum í hag og framtíðin er björt.



Jóna Rán Pétursdóttir forstöðukona Selsins og Skeljarinnar, Guðlaug Helga Björnsdóttir, Embla Rut Ólafsdóttir, Sigrún Sjöfn Aradóttir, Gísli Baldur Garðarsson og Ása Kristín Einarsdóttir Verkefnastjóri frístunda- og forvarnarstarfs.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölupóknun

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Páll

Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is

Vilja innrétta gistiheimili við Eiðistorg 17



Eiðistorg þar sem æskilegt er að blanda byggð íbúða, verslunar, þjónustu samkvæmt aðalskipulagi.

Spurst hefur verið fyrir um heimild til þess að innrétta gistiheimili með átta herbergjum fyrir allt að 16 gesti í eign 0202 í Eiðistorgi 17. Er það fyrirtækið ISKOD ehf, sem lagði fyrirspurnina fram þann 6. september sl. Skipulags- og umferðarnefnd hefur tekið jákvætt í erindið og falið sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna málið áfram. Eiðistorg 17 stendur innan reits M-1 miðsvæði í aðalskipulagi Seltjarnarness 2015 til 2033 og er húsnæðið skráð sem atvinnuhúsnæði. Samkvæmt aðalskipulagi Seltjarnarness er æskilegt að blanda byggð íbúða, verslunar, þjónustu ásamt stofnunum og viðeigandi atvinnustarfsemi eins og kostur gefst innan miðsvæðis.

Aðstoðarkirkjuvörður óskast



Seltjarnarneskirkja óskar að ráða aðstoðarkirkjuvörð.

Starfið felst aðallega í umsjón veitinga fyrir og eftir messu á sunnudögum.

Áhugasamir hafi samband við kirkjuvörð, Ingimar Sigurðsson í síma 896-7800.

Markaðsdagur á Eiðistorgi 4. nóvember



Frá markaðsdegi á Eiðistorgi. Iris Gústafsdóttir er til hægri á myndinni.

Næsti markaður verður á Eiðistorgi fyrsta laugardag í nóvember eða þann 4. nóvember. Iris Gústafsdóttir frumkvöðull að markaðsstarfinu segir að síðasti markaðsdagur hafi gengið mjög vel. Þetta framtak hafi vakið verulega athygli og fjöldi fólks hafi komið á torgið.

Iris kveðst vonast til að aftur verði hægt að blása til markaðsdags í desember og hafa þá ákveðna jólastemningu á Eiðistorginu. Skreyta torgið og fá jólasveina í heimsókn svo nokkuð sé nefnt. Markaðsdagar voru haldnir á Eiðistorgi fyrir nokkrum árum en lögðust svo af. Iris ákvað að blása lífi í markaðsdagana að nýju á liðnu sumar og fékk fólk til liðs við sig. Markaðsdagarnir hafa einnig mætt skilningi hjá bæjaryfirvöldum á Seltjarnarnesi og nú standa vonir til að þeir geti orðið að föstum lið í framtíðinni.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun. Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.



- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?





thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Ari Bragi gefur út plötu



Ari Bragi Kárasón með trompetinn.

Seltirningurinn Ari Bragi Kárasón hefur látið langþráðan draum rætast og er að gefa út sína fyrstu plötu undir listamannsnafninu ARI. Plötuna kallar hann „1“ og inniheldur hún sex heimsþekkt lög eftir tónlistarfólk á borð við Phil Collins, Toto, Fleetwood Mac og Norah Jones í útsetningu Ara Braga. Þegar hafa tvö lög af plötunni verið gefin út, Ordinary World og I'll Be Over You.

Ari Bragi hefur starfað sem tónlistarmaður frá því hann útskrifaðist frá New School for Jazz and Contemporary Music í New York-borg árið 2013. Hann er nú búsettur í Kaupmannahöfn og spilar með fremstu jazztónlistarmönnum Danmerkur. Hann er með 16 manna strengjasveit með mér sem er áberandi partur af hljóðmyndinni og nýtur einnig aðstoðar frá tveimur frábærum íslenskum útsetjurum og tónlistarmönnum sem hafa mikla reynslu í svona vinnu þeim Veigari Margeirssyni og Óskari Einarssyni.

Gunnlaugur ráðinn sviðsstjóri

Gunnlaugur Jónasson hefur verið ráðinn í starf sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarness.

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykktí ráðninguna samhljóða að undan-gengnu ráðningarferli Intellecta. Gunnlaugur mun hefja störf innan tíðar.



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2024

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi eða rökstuddum ábendingum um hver hljóta skuli nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2024**.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningar sviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Umsækjendur og þeir sem senda inn ábendingar eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is. Umsóknir og tilnefningar þurfa að vera rökstuddar. Listamenn láti upplýsingar um náms- og starfsferil sinn fylgja sem og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir **25. nóvember** n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublöð), með tölvupósti á netfangið maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is eða bréfleiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „Bæjarlistamaður 2024“.

Menningarnefnd Seltjarnarness



Stuðlum að stöðugu og góðu viðhaldi eldra húsnæðis

Öll hús eiga skilið að fá gott viðhald, við eigum að virða eignina okkar og þau verðmæti sem felast í vel útlítandi og góðri fasteign. Gamalt hús á að geta þjónað eiganda sínum jafnvel og nýtt hús, ef rétt er að málum staðið.

Fyrir nokkrum árum stýrði ég húsfundi þar sem hússtjórn fjölbýlishúss lagði fram tillögu um hófstílltar en nauðsynlegar endurbætur sem fólu í sér endurnýjun glugga og viðgerðir á ytra byrði hússins ásamt málun. Tillagan þótti ganga of langt og var felld af meirihluta eigenda, líklega vegna fjárhagsstöðu einstakra eigenda. Sami fundur ákvað að mála einungis húsið þrátt fyrir augljósar skemmdir. Eftir fundinn kom einn eigenda, sem reyndar hafði lagst gegn endurbótatillögunni, til mín og sagðist ekki geta opnað baðgluggann! Hann spurði hvað væri til ráða og svar mitt var einfalt. Eigendur verða að horfast í augu við staðreyndir, rektur fasteignar felst ekki einungis í hita, raforku og ræstingum heldur líka viðhaldi eignarinnar.

Hvers virði er reglubundið viðhald?

Reglubundið viðhald skilar bæði verðmætari eign og auðseljanlegri, kostnaðargreiðslur eru fyrirséðar og á sama tíma er eignin í betra ástandi og öruggari.

Samkvæmt rannsóknum kostar gott viðhald fasteignar um 1% af byggingarkostnaði húss á ári, sem jafngildir því að það kostar árlega að jafnaði 500 þúsund krónur að viðhalda meðalstórri fasteign, eða um 40 þúsund á mánuði. Þá er einungis lítið til sameignar, þ.e. ytrabyrðis; þaks, veggja, glugga og útidyra, ásamt lögnum og sameiginlegar lóðar.

Við hjá Eignaumsjón erum að þjónusta um 800 hús- og rekstrarfélög með um 19.000 íbúðum/ fasteignum og greining okkar leiðir í ljós að eigendur eru almennt ekki að leggja fyrir í langtímaviðhaldsþjóð fasteigna sinna. Tölurnar sýna okkur að ekkert húsfélag er að safna í viðhaldsþjóð sem nemur þessu 1% af byggingarkostnaði húss á ári. Algengt tillegg flestra er



Viðhaldsþörf fjölbýlishúsa og undirbúningur viðhaldsverkefna var til umfjöllunar á vel heppnuðum haustfundi 18. okt. sl. með stjórnnum húsfélaga sem eru í þjónustu hjá Eignaumsjón. Um 90 gestir mættu á fundinn og um 40 þátttakendur fylgdust með rafrænt á Teams.

Ljósmynd: Eignaumsjón.

nær því að vera um 0,1-0,2%, eða á bilinu 5-10.000 krónur á mánuði. Algengast er að eigendur greiði viðhaldskostnað með skömmum fyrirvara, í aðdraganda framkvæmda og meðan á þeim stendur. Þær fjárhæðir geta numið allt að 5% af virði íbúðar þegar kemur að uppsafnaðri viðhaldsþörf.

Hverju þarf að breyta?

Mikil og þörf umræða er þessi misserin um húsnæðisþörf og málefni nýbygginga í landinu. Stjórnvöld eru kráfin um úrræði og stefnu í þessum efnum en minna fer fyrir umræðu um viðhald húsa sem komin eru á viðhaldstíma. Það þjóir lítið að byggja nýtt ef eldra húsnæði ónýttist fyrir aldur fram.

Í kjölfar bankahrunsins var endurgreiðsla virðisaukaskatts hækkuð í 100% af vinnulið, ásamt tímabundinni lækkun skattstofns sem nam 50% af viðhaldskostnaði undir slagorðinu „Allir vinna“. Víst er að aðgerðir miðuðu einnig að því að örva vinnumarkaðinn á þeim tíma. Endurgreiðslan var síðar lækkuð í 60% en hækkuð aftur í 100% í Covid faraldrinum. Í júlí í sumar var á ný dregið verulega úr þessum stuðningi, þegar virðisaukaskatts-endurgreiðsla af vinnu var lækkuð

í 35%. Þarna fer lítið fyrir hvatningu stjórnvalda varðandi viðhald eldra húsnæðis.

Við hjá Eignaumsjón höfum lengi talað fyrir reglubundnu, fyrirbyggjandi viðhaldi fasteigna. Það er okkar sýn að húsfélög ættu að setja sér viðhaldsáætlun til nokkurra ára, byggða á ástandsmati viðkomandi fasteigna og tillögum um forgangsöröðun verkefna eftir mikilvægi þeirra. Samhliða þarf að tryggja fjármögnun viðhaldsframkvæmda með skipulagðri söfnun í framkvæmdasjóð með tryggni og góðri ávöxtun með hagsmunum allra eigenda í fyrirrúmi.

Aukinn stuðningur stjórnvalda

Samhliða bættum lífsskilyrðum þjóðarinnar undanfarna áratugi er gott og öruggt íbúðarhúsnæði, gamalt eða nýtt, orðið lágmarkskrafa í samfélaginu. Ákall mitt til stjórnvalda og löggjafa er að horfa ekki einungis til nýbygginga þegar kemur að umræðu um húsnæðismál, heldur einnig að stuðla með ákveðnari hætti að góðu viðhaldi eldra húsnæðis með lagabótum og stjórnvaldsaðgerðum.

Svava nýr sviðsstjóri

Svava Sverrisdóttir hefur verið ráðin sviðsstjóri Fjármálasviðs Seltjarnarnesbæjar. Svava er með M.Sc. gráður í hagfræði og fjármálum frá Háskóla Íslands, próf í verðbréfavíðskiptum frá HÍ og Cand. Oecon gráðu frá HÍ sömuleiðis.



Svava Sverrisdóttir nýráðin sviðsstjóri fjármálasviðs.

Í frétt frá Seltjarnarnesbæ segir að Svava hafi haldþæra þekkingu og víðtæka reynslu af fjármálum og stjórnsýslu sveitarfélaga sem og úr fjármálageiranum. Svava vann lengi í fjármálageiranum, hjá Landsbanka, Íslandsbanka og lífeyrissjóðnum Birtu. Lengst af við eignastýringu og greiningu og býr yfir góðri þekkingu á því sviði. Hún starfaði ennfremur við reikningshald, áætlanagerð, endurskipulagninu og ráðgjöf hjá Inniti ehf.-Fjárstoð ehf. og sinnti þar verkefnum fyrir eignarhaldsfélög og fyrirtæki.

Svava hefur einnig öðlast haldþæra þekkingu á fjármálum og stjórnsýslu sveitarfélaga í gegnum störf sín hjá Lánasjóði sveitarfélaga, á fjármálaskrifstofu og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og nú síðast sem deildarstjóri bókhalds og greininga hjá Akraneskaupstað þar sem hún hefur starfað frá árinu 2022. Þar hefur hún verið í forsvari deildarinnar og stýrt sínu teymi, borið ábyrgð á uppgjörsvinnu, ársreikningagerð, fjárhagslegum greiningum og áætlanagerð. Svava hefur verið boðin velkomin til starfa hjá Seltjarnarnesbæ og óskað velfarnaðar í starfi.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is



Frístunda- og forvarnarstarf

Opinn viðtalstími verkefnastjóra



Ása Kristín Einarsdóttir, verkefnastjóri.

Nú er að hefjast opinn viðtalstími verkefnastjóra frístunda- og forvarnarstarfs á Seltjarnarnesi. Ása Kristín Einarsdóttir, verkefnastjóri býður upp á opinn viðtalstíma á Bókasafni Seltjarnarnesi. Viðtalstímarnir verða alla fimmtudaga frá kl. 10 til 12 til áramóta.

Gerð nýrrar forvarnarstefnu í vinnslu

Tómstundir eru mikilvægur þáttur í lífi fólks á öllum aldri, fyrir börn og unglinga en einnig fyrir fólk á fullorðinsárum sem þarf að efla félagslega virkni og tengsl sín á milli og vill nýta frítíma sinn á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Þessa dagana er í vinnslu gerð forvarnarstefnu fyrir Seltjarnarnesbæ sem mun snerta á öllum aldurshópum og miða að því að tryggja öryggi, velferð og hag allra bæjarbúa.

Bæjarbúar á öllum aldri eru hvattir til að kíkja

Bæjarbúar á öllum aldri eru hvattir til að kíkja í kaffi og spjall um málefni frístunda og forvarna en öllum hugmyndum og ábendingum að bótum á stefnum bæjarins er tekið fagnandi og teknar til skoðunar. Ef að þú til að mynda lumar á hugmyndum að úrbótum í aðgengi, tómstundum, bættu umhverfi eða öðru sem tryggir bætt lífsgæði á Seltjarnarnesi eða þú hefur áhyggjur af áhættuþáttum sem eru að myndast í samfélaginu þá er þetta vettvangur til að taka spjallið og koma þínum hugmyndum og skoðunum á framfæri.

Verkefnastjóri er ávallt aðgengilegur fyrir samráð og til tómstundaráðgjafar fyrir alla aldurshópa og velkomnið að hafa einnig samband í síma 5959100 eða með tölvupósti asa.k.einarsdottir@seltjarnarnes.is.

Vilja auka öryggi við Fornuströnd



Íbúar við Fornuströnd vilja aðgerðir til að auka öryggi við göngustíg sem liggur yfir götuna.

Skipulags- og umferðarnefnd hefur vísað erindinu til endurskoðunar umferðaröryggisáætlunar Seltjarnarnesbæjar.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Septembermánuður hefur verið viðburðaríkur í félagsstarfi eldri bæjarbúa og þátttakan góð. Einmuna veðurbliða nánast alla daga sem hefur mikið að segja fyrir allt okkar fólk.

HAUSTFAGNAÐUR, KÓTILETTUR, GLJÚFRASTEINN OFL.

Hautfagnaðurinn sem haldinn var fimmtudaginn 21. september var vel sóttur. Að venju þegar Grillvagninn er annars vegar var boðið upp á dýrindis kvöldverð. Bragi Fannar Þorsteinsson stóð vaktina, þandi nikkuna og stýrði fjöldasöng. Alltaf mikil ánægja með þessar samverustundir og nú þegar er farið að skipuleggja þá næstu.

Kótílettur: Síðasta þriðjudag í mánuði er alltaf dagskrá og stund eldri borgara í kirkjunni. Að þessu sinni var þriðjudagurinn 26. september og boðið upp á kótílettur með öllu tilheyrandi. Góður rómur gerður að matnum og dagskránni en sr. Sólveig Lára hélt tölu og sr. Gylfi Jónsson stýrði söng og lék á píanó. Milli 60 og 70 manns mættu til þessarar stundar en eins og áður segir er síðasta þriðjudegi hvers mánaðar stund eldri borgara í kirkjunni, en misjafnt hvað er á dagskránni og stundum ákveðið með stuttum fyrirvara.

Nesjavellir: Fimmtudaginn 28. september var lagt af stað frá Skólabraut kl. 13.00. Ferð dagsins var Nesjavallaleið, haustlitaskoðun, Gljúfrasteinn, hús skáldsins og kaffi Blik í Mosfellsbæ. Óhætt að segja að ferðin hafi tekist einstaklega vel. Veðrið eins og best verður á kosið, bjart og stílt og haustlitirnir eins fallegir og þeir geta orðið. Eftirminnileg heimsókn að Gljúfrasteini og flottar veitingar í glæsilegu klúbbhúsi kylfinga í Mosfellsbæ.

HEIMSÓKN, FÉLAGSFUNDUR OG LEIKHÚSFERÐIR

Félagsstarf eldri borgara í Dómkirkjunni: Þátttakendur í félagsstarfi eldri borgara dómkirkjunnar heimsækja okkur í haust en sl. vor var farið í menningarferð til Reykjavíkur og heimsóttum þá m.a. félagsstarf dómkirkjunnar þar sem boðið var upp á söng, skemmtun og flottar veitingar. Ákveðið var í þessari ferð að þau kæmu til okkar nú á haustmánuðum og er dagsetningin þriðjudagurinn 31. október kl. 13.00 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju. Erindi: Dr. Sigurður Árni Eyjólfsson héraðsbrestur talar um heimilislíf Marteins Lúthers og Katrínar konu hans. Kaffihlaðborð og söngur. Allir hjartanlega velkomnir.

Félagsfundur. Þriðjudaginn 31. október kl. 17.00 verður félagsfundur í FEBSEL, félags eldri borgara á Seltjarnarnesi í bókasafni Seltjarnarness. Efni fundarins: Fyrirsjáanlegar breytingar á heilbrigðiskerfi eldri borgara. Hvetjum fólk til að fjölmenna á fundinn þar sem málefnið skiptir alla máli. Boðið verður upp á veitingar í hléi.

Leikhús: Tvær leikhúsfærðir eru á næstunni. Þann 1. nóvember er það sýning Þjóðleikhússins á verkinu EX. Skráningu er lokið á þá sýningu. Þann 23. nóvember á sýningu Borgarleikhússins Delerium Búbónis. Þegar þessar línur eru skrifaðar í fyrstu vikunni í október þá höfum við fengið nokkra aukamiða í sölu. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Óvissuferð: Fimmtudaginn 16. nóvember verður farið í Elliðaárdalinn en svæðið er einstök í náttúruferla í hjarta höfuðborgarinnar. Leiðsögn um Elliðaárstöð, Heimili veitna og rafmagn í 100 ár. Nýr veitingastaður opnaði nú í október Á Bistró, þar sem boðið verður upp á veitingar. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og í kirkjunni. Lagt af stað frá Skólabraut kl. 13.30.

Aðrar upplýsingar og breytingar frá dagskrárblaði.

Söngstundin: Í upphafi haustsins var tímasetning söngstundarinnar ekki ljós og svoltið á reiki. Þriðjudagur varð fyrir valinu og er því sungið í salnum á Skólabraut alla þriðjudaga kl. 16.00 undir stjórn Bjarma Hreinssonar. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þessar stundir og ekki spillir fyrir að það eru alltaf að koma inn nýir þátttakendur. Boðið er upp á kaffi og krúðerí í lok stundarinnar.

Vatnsleikfimin: Vatnsleikfimin sem verið hefur í sundlauginni á fimmtudögum kl. 18.30 mörg undanfarin ár verður framvegis á miðvikudögum kl. 18.30.

Þúttið: Fyrsti tími vetrarins á Nesvöllum (inniaðstöðu Nesklúbbsins) þar sem boðið er upp á léttar æfingar hjá Steinbaugi og þútt verður þriðjudaginn 7. nóvember kl. 10.30. Allir velkomnir.

Hár og fætur: Þess má geta að boðið er upp á hársnyrtingu alla miðvikudaga í aðstöðunni á Skólabraut. Tímাপantanir hjá Siddý í síma 5611160. Einnig er boðið upp á fót snyrtingu á 5-6 vikna fresti. Nánari upplýsingar og tímাপantanir hjá Kristínu í síma 893 9800. Þessi þjónusta er öllum opin.

Hvetjum ykkur til að fylgjast með föstu dagskrárliðunum.

Kaffikrókur alla virka daga frá kl. 9.00, jóga/leikfimi með Öldu í salnum alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00. Handavinna, samvera og kaffi í salnum á Skólabraut alla mánudaga og miðvikudaga milli kl. 13.00 og 16.00. Félagsvist fimmtudaginn 2. nóvember, bíngó fimmtudaginn 9. nóvember, botsía, karlakaffi í kirkjunni, gangan á föstudögum, ýmis námskeið og fleira.

Dagskrá félagsstarfsins er fyrir alla sem áhuga hafa óháð aldri og búsetu og fer meginhluti dagskrárinnar fram í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut 3-5 nema annað sé auglýst.

Aðeins 10% óku of hratt



Aðeins 10% óku of hratt á Nesvegi. Þetta kemur fram í skýrslu Lögreglu um umferðarvöktun á Nesvegi 27. september sl. Af þeim 167 ökutækjum sem fóru um á meðan mælt var reyndust 10% aka yfir löglegum hraða. Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar þakkar Lögreglunni fyrir og hvetur hana jafnframt til áframhaldandi eftirlits í bænum.



AS WE GROW
ICELAND

KLAPPARSTÍG 29
ASWEGROW.IS

Lóðir undir hleðslustöðvar til skoðunar

Seltjarnarnesbær er hvattur til að huga að aðgengi áhugasamra aðila að lóðum undir hraðhleðslustöðvar og hleðslugarða og svigrúmi raforkufyrirtækja til að byggja upp innviði sem þjóna þurfa hleðsluþörfinni.



Þetta er gert í framhaldi af bréfi frá Stjórnarráðinu þar sem sveitarfélög eru hvött til þess að útbúa orkuskiptaáætlun á sínu svæði í góðu samráði við helstu hagaðila. Málið er til skoðunar hjá Skipulags- og umferðarnefnd.

Myndin sýnir hverfahleðslustöð frá Orku náttúrunnar.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Nesfréttir www.borgarblod.is



www.systrasamlagid.is



Lokahóf meistara- flokka haldið með glæsibrag

Lokahóf meistaraflókka knattspyrnudeildar Gróttu var haldið laugardaginn 30. september sl. með pomp og prakt þar sem tímabilinu var fagnað með stæl. Stjórn knattspyrnudeildar þjónaði mannskapnum til borðs og voru veitingarnar ekki af verri endanum en glæsilegur veislumatur frá Veislunni var á boðstólum og þökkum við kærlega fyrir okkur!

Þjálfarar völdu besta leikmann tímabilsins, þann efnilegasta og mikilvægasta leikmanninn en leikmenn kusu um mesta naglann, hrökkbrauðið og leikmann leikmanna. Einnig voru veitt verðlaun fyrir markahæsta leikmanninn. Besti leikmaður meistaraflökks karla var Tómas Johannessen og kvennamegin var það Hannah Abraham. Grímur Ingi Jakobsson var valinn efnilegasti leikmaður meistaraflökks karla og Arnfríður Auður Arnarsdóttir var valin efnilegasti leikmaður meistaraflökks kvenna. Pétur Theódór Árnason og Hannah Abraham fengu gullskóinn í ár fyrir að vera markahæst. Þá voru þau Arnar Þór Helgason og Hannah Abraham valin leikmenn leikmennina og Aron Bjarki Jósefsson og Lovísa Davíðsdóttir Scheving mikilvægustu leikmenn liðsins í ár. Aron Bjarki Jósefsson og Nína Kolbrún Gylfadóttir voru kosin naglar ársins og Sigurður Steinar Björnsson og Margrét Rán Rúnarsdóttir hrökkbrauð ársins. Á lokahófinu veitti meistaraflökkur kvenna og stjórn knattspyrnudeildar Pétur Rögnvaldssyni kveðjugjöf en hann er að láta af störfum hjá deildinni eftir áralangt starf. Sömuleiðis veitti stjórn knattspyrnudeildar Ástráði Leó Birgissyni, liðsstjóra meistaraflökks karla, þakkargjöf fyrir sín störf sem og Valdimar Ólafssyni vallarstjóra. Knattspyrnudeild Gróttu þakkar stuðningsmönnum liðanna og sjálfboðaliðum fyrir veittan stuðning í sumar og hlakkar til næsta tímabils!



Besti leikmaður meistaraflökks karla var Tómas Johannessen.



4. flokkur kvenna bikarmeistarar!

4. flokkur kvenna tryggði sér bikarmeistaratitilinn þann 20. september sl. Stelpurnar mættu KA á Greifavelli og fóru með 2-0 sigur.

Rebekka Sif Brynjarsdóttir og Raket Grétarsdóttir skoruðu mörk Gróttu/KR. Stelpurnar urðu einnig Barcelona Cup meistarar í sumar. Þvílíkur árangur! Knattspyrnudeild Gróttu óskar stelpunum og þjálfurum þeirra, Steina og Júlía, innilega til hamingju með titilinn!

Sara Björk í æfingahóp U16 og Rebekka Sif í æfingahóp U15

Þær Sara Björk Arnarsdóttir og Rebekka Sif Brynjarsdóttir tóku þátt í úrtaksæfingum U15 og U16 ára landsliðsins nýverið.

Rebekka Sif æfði með U15 ára landsliðinu dagana 27.-29. september og Sara Björk æfði með U16 ára landsliðinu 2.-3. október sl. Sara er á eldra ári í 3. flokki og Rebekka á yngra ári í 3. flokki. Þær eru báðar gríðarlega efnilegar knattspyrnukonur og óskum við þeim til hamingju með valið!



Orri Steinn fyrstur Gróttumanna til að skora fyrir A-landsliðið

Orri Steinn Óskarsson skoraði sitt fyrsta mark með A-landsliðinu föstudaginn 13. október þegar Ísland gerði 1-1 jafnteppi gegn Lúxemborg á Laugardalsvelli. Markið er einnig fyrsta mark sem Gróttumaður skorar fyrir Ísland!

Orri kom Íslandi yfir á '23 mínútu og skoraði eina mark Íslands en gestunum tókst að jafna í upphafs síðari hálfleiks. Orri Steinn er ungum Gróttukrökkum mikil fyrirmynd og óskar knattspyrnudeild Gróttu honum innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur!



Orri Steinn Óskarsson fagnar fyrsta markinu.

Mynd: Hafliði Breiðfjörð

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

Opið bréf til Seltirninga

Kæru Seltirningar,

Við skrifum hér opið bréf til þeirra sem bera ábyrgð á íþróttamálum í bænum. Og til annarra sem láta sig málin varða.

Fyrir ykkur sem þekkið okkur ekki þá erum við öll fædd og uppalin á Seltjarnarnesi. Við höfum spilað fyrir Gróttu nær allt okkar líf og eigum samantlagt um 700 meistaraflokksleiki fyrir okkar kæra félag.

Við köllum eftir svörum við stórum og mikilvægum spurningum sem brenna á vörum margra. Gervigrasvöllur okkar Gróttufólks er orðinn hættulegur - gót eru byrjað að myndast í völinn og grasið hefur fyrir löngu misst sína réttu lögun. Fyrir utan það er ekki vökvunarkerfi undir vellinum og því er gervigrasið skraufpurrt þegar ekki hefur rignt. Skipt var um gras á Vivaldivellinum árið 2016 og miðað við notkunina, sem er mikil allan ársins hring, þá er grasið fyrir löngu komið á tíma. Við sem æfum þarna daglega teljum að það hefði átt að endurnýja grasið árið 2021 eða 2022. Nú er 2023 komið langt á leið og það sem við heyrum er að það komi ekki nýtt gras fyrr en KANNSKI árið 2025. Það slitnuðu tvö krossbönd á vellinum í byrjun tímabils 2022 og er tímaspursmál hvenær sambærileg meiðsli munu líta dagsins ljós af völdum gervigrassins. Það tekur um 12 mánuði að jafna sig á krossbandsslitum. Það ætti að gera allt til að fyrirbyggja svona alvarleg meiðsli. Bráðefnilegir ungir leikmenn spila í báðum meistaraflokkum Gróttu og að bjóða þeim upp á svona lélegan völl hjálpar framförum þeirra ekki.



	Til stendur að reisa kvattspyrnuhöf í Frostakvíði ásamt annarri uppbyggingu á vörðinu.		2022 Tvær nýr gervigrasvelli teknir í notkun í Laugardalnum. Verið er að leggja nýtt gras á aðalvöllinn.
	2024 Kvattspyrnuhöf í fullri stærð á Árvöllum. Skipt var um gervigras á aðalvelli 2022 (fyrir gras 2023).		2022 Nýtt gervigras lagt á afgangsvelli sem nú er notaður sem aðalvöllur á meðan uppbygging á höfnum tekur sig í fullum gangi.
	2023 Nýtt gervigras lagt á aðalvelli. "Gamla" grasið sem var frá 2013 reist afrið sem afgangsvöllur.		2022 Kvattspyrnuhöf í fullri stærð viki í Garðabæ.
	2023 Nýtt gervigras með vökvunarkerfi lagt á aðalvelli (fyrir gras 2024). Kvattspyrnuhöf felldu tekið í notkun árið 2019.		2022 Nýr aðalvöllur vígður í Úlfarsdal.
	2022 Kvattspyrnuhöf með 75 kvattspyrnuvelli tekið í notkun á Selfossi.		2021 Nýtt gervigras á aðalvelli (fyrir gras frá 2026).
	2022 Félagshúsið tekið í notkun á Róðafelli.		2021 Nýr afgangsvöllur vígður í Reykjavík.

Hér má sjá upplýsingar um þá uppbyggingu sem hefur verið á aðstöðu til kvattspyrnuhöfðunar síðustu árin hjá öðrum félögum. Þetta er örugglega ekki tæmandi listi en sýnir hvað er í gangi. Við erum hrædd um að við séum að dragast vel afturúr.

Gervigrasið er ekki það eina sem er komið fram yfir síðasta sölundag, en eins og flestum foreldrum iðkenda Gróttu er nokkuð ljóst þá er Vallarhúsið löngu sprungið. Vinnuaðstaða þjálfara er mjög takmörkuð. Yngri flokkar félagsins hafa aðeins afnot af tveimur klefum. Aðstaðan er fyrir neðan allar hellur miðað við það mikla fagfólk sem vinnur í kringum félagið og þá frábæru iðkendur sem eru hjá Gróttu. Eins og sjá má á myndunum þá þurfa krakkar á öllum aldri að skipta um föt og skó fyrir utan Vallarhúsið, inni í bílskúr eða úti á gangi þá daga sem leikir eru á vellinum að kvöldi. Þetta er alls ekki Gróttu sæmandi og þarf að finna lausnir á þessum vanda strax og grípa til aðgerða áður en það verður einfaldlega um seinan.

Hvað meinum við með "áður en það verður um seinan"? Gróttu er eitt minnsta félagið á höfuðborgarsvæðinu en teflir þrátt fyrir það fram meistaraflokkum sem hafa náð eftirtektarverðum árangri og býður upp á góða þjálfun fyrir öll börn og unglinga. Starfið hefur verið knúið áfram af fólki með stórt Gróttuhjarta en það þarf að hlúa að þessu fólki.

Við endum þetta á því að spyrja: Hver eru plönin fyrir uppbyggingu á kvattspyrnuhöfðinu á Nesinu? Verður gervigrasið endurnýjað? Með vökvunarkerfi? Verður vallarhúsið, sem er löngu sprungið, stækkað? Verður byggt yfir litla völinn? Við óskum eftir svörum.

Gróttukveðja,

Arnar Þór, Kristófer Melsteð, Kristófer Orri, Pétur Theodór og Tinna Bjarkar

LÁTUM OKKUR LÍÐA VEL!



Kósý fatnaður úr silkimjúku bambus efni sem andar frá sér og er framleitt á umhverfisvænan hátt. Fullkominn heimafatnaður. Einnig hægt að dressa upp og nota sem klassíska skyrtu eða buxur.



Byggðu þig upp fyrir veturinn!!

Gjörunnin matur og vítamín eru vandamál í veröldinni. Taktu inn það sem er hreint og virkar frá Viridian, sem er mögnuð vítamínína.



Sacred Elephant eru framúrskarandi vönduð reykelsi eins og engin önnur. Mikið úrval. Hönnuð af munkum og handunnin í klastrum eftir búddískri hefð.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367



Notalegar stundir í einstöku umhverfi



Nýir og ljúffengir réttir fyrir veturinn

Ráðagerði er huggulegur veitingastaður í næsta nágrenni við Gróttu á Seltjarnarnesi. Nú eru nýir og spennandi réttir komnir á fjölbreyttan matseðil þar sem allir finna rétt við hæfi á sanngjörnu verði. Einnig er hægt að taka pizzur og flesta aðra rétti með sér heim með 10% afslætti. Þú pantar í síma **546 1700**.

RÁÐAGERÐI

